



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

70. fundur.

að Hlíðavegi 6, 9. febrúar 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Snow Magic, Jóna Matthíasdóttir mætir á fundinn.
3. Beiðni um styrk v/vinnslu og útgáfu bókar um hraunhella á Íslandi.
4. Erindi frá Eldá ehf. þar em óskað er eftir leyfi til að breyta notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.
5. Erindi frá Eldá þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta notkun húsnæðisins að Helluhrauni 9 og ósk um leiðréttingu á deiliskipulagi.
6. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi vegna borunar rannsóknarholu í Bjarnarflagi.
7. Leiðrétting fasteignagjaldaprósentu.

Til kynningar.

Kynning á félagi fagfólks í frítímapjónustu.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7 yrði bætt á dagskrá.

2. Snow Magic, Jóna Matthíasdóttir mætir á fundinn.

Jóna Matthíasdóttir mætti til fundarins og sagði frá stöðu mála. Fór yfir þau verkefni sem búið er að vinna, sagði m.a. frá ferð sem farin var til Finnlands í lok nóvember, og hvað fram undan væri á næstunni. Einnig óskaði hún eftir formlegum stuðningi sveitarfélagsins við verkefnið “Christmas Cities network” sem er samstarfsverkefni nokkura landa
Samþykkt að verða við erindinu.

3. Beiðni um styrk v/vinnslu og útgáfu bókar um hraunhella á Íslandi.

Borist hefur erindi frá Birni Hróarssyni jarð- og hellafræðingi þar sem hann óskar eftir styrk til að vinna og gefa út bók um hraunhella á Íslandi.
Erindinu er hafnað.

4. Erindi frá Eldá ehf. þar em óskð er eftir leyfi til að breyta notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Skv. bréfi frá Eldá ehf. dags. 6.feb. er gert ráð fyrir að leigja út 7 herbergi.

Sveitarstjóra falið að láta fara fram grenndarkynningu í samræmi við lokamálgrein 43 gr. skipulags- og byggingalaga sem er svo hljóðandi:

“Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. [Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.]¹⁾”

5. Erindi frá Eldá þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta notkun húsnæðisins að Helluhrauni 9 og ósk um leiðréttingu á deiliskipulagi.

Með bréfi dags. 6. feb. óskar Eldá ehf. eftir leyfi til að breyta notkun húsnæðisins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Skv. bréfinu hefur Eldá tekið húsnæðið á leigu til 10 ára. Fyrirhugað er að leigja út 9 herbergi, alls 18 svefnpláss. Eldá leggur þessa umsókn inn þrátt fyrir að kæra Helluholts ehf., skráðs eiganda hússins sé óafgreidd hjá Úrskurðarnefnd skipulags- og

byggingamála, og bendir á nýjar upplýsingar sem fylgja með í greinargerð A Einnig er óskað eftir að gerð verði leiðrétting á deiliskipulagi fyrir Helluhraun þar sem að 190m² bílastæði fyrir sunnan húsið að Helluhrauni 9 verði sett inn á skipulagið.

Á aukafundi 6. júlí 2005 hafnaði sveitarstjórn að verða við erindi Helluholts ehf þar sem óskað var eftir leyfi til að breyta notkun húsnæðisins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili, vegna athugasemda sem bárust frá íbúum götunnar. Í greinargerð A sem fylgir með bréfi Eldár telur sveitarstjórn að ekki komi fram neinar þær upplýsingar sem breytt gætu afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí. Sveitarstjórn telur eðlilegt að beðið verði niðurstöðu Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála og getur þar af leiðandi ekki orðið við erindinu.

Varðandi leiðréttingu á deiliskipulagi er sveitarstjóra falið að vinna að því máli.

6. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi vegna borunar rannsóknarholu í Bjarnarflagi.

Með bréfi dags. 6. feb. sækir Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi til borunar rannsóknarholu í Bjarnarflagi.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi.

7. Leiðrétting fasteignagjaldaprósentu.

Oddviti upplýsti að mistök voru gerð við útreikning á álagi á útsvarsprósentu skv. a-lið 3gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, álagsprósentan á að vera 0,625% en ekki 0,63%. Verður þetta leiðrétt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir

Jón Óskar Ferdínandsson

Kristján Stefánsson

Birkir Fanndal

Böðvar Pétursson